

Ed.

226. Frumvarp til laga

um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947.

Flm.: Gisli Jónsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Ásmundur Sigurðsson,
Steingrímur Aðalsteinsson.

1. gr.

Þar til samþykkt hafa verið og staðfest fjárlög fyrir árið 1947, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1946, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn. Heimild þessi gildir þó eigi lengur en til 1. marz 1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1947.

Greinargerð.

Með því að sýnt þykir, að eigi vinnst tími til þess að afgreiða fjárlög fyrir árið 1947 fyrir áramót, en heimild skortir til greiðslu á nauðsynlegum útgjöldum eftir áramót, meðan þau eru ekki samþykkt, hefur fjárveitinganefnd ákveðið að heita sér fyrir frv. þessu. Hins vegar hefur verið talið sjálfsagt að hraða afgreiðslu fjárlaga svo sem unnt er, og er því heimildin um bráðabirgðafjárgreiðslur eigi látin gilda lengur en til 1. marz 1947.